

LJOMANDI FALLEGAR SILKIPJOTLUR
til að búa til úr rúmabreitur —
"Crazy Patchwork."—Stórt úr-
val af stórum silki-afklippum,
hentugar í ábreiður, koddar, sess-
ur og fl.—Stór "pakki" á 25c,
fimm fyrir \$1.
PEOPLE'S SPECIALTIES CO.
Dept. 23. P.O. Box 1836
WINNIPEG

Þoröld

**Branston
Violet-Ray
Generators**
Skrifid eftir bekklingi "B" og
verðlista.
Lush-Burke Electric Ltd.
315 Donald St. Phone Main 5009
Winnipeg

ARGANGUR

WINNIPEG, MANITOBA, 11. JÚNÍ, 1918

NÚMÉR 18.

Hver er alt of uppgefinn!



Nú skal strjúka hlítt og hljótt
hönd við streng sem blær í viðum,
Gripa vorsins þrá og þrótt
þungafult en milt og rótt—
úr þeim söng er sumar nótt
Syngru glatt í leikjar niðnum.

Það er holt að hafa átt
heðra drama vöknatur,
Séð með vinum sínum þrátt
sólskins rök, um miðja nátt,—
aukið þræði í æfipátt
aðrir þegar stóðu á fætur.

Úti grænkar lauf og lyng
líkast rein við akra sána,
Eg í huga se og syng
sumar-drama allt um kring.
Út að fjarsta aldar hring
yztu vonir þar sem blána.

Vini kveð eg, þakka þeim
þessa sumar-natur vöku!
Úti tekur grund og geim
gláða-sólskin mundum tveim.
Heðan flyt eg fématt heim;
fagran söng og léttu stöku.

Stephan G. Stephansson.

ALMENNAR FRÉTTIR.

Vistatankörkun á Englandi
hefur verið afar mikil að undan-
förnu. Í vikunni sem leið voru
þær fyrirlipnar gjörðar að allir
fengju fulln skamt. Er sagt að
þetta séu afleiðingar af því hversu
vel Bandaríkjarnir hafa staðið í
stöðu sinni að flytja vitir.

Tuttugu og tvö börn hafa dáið
úr mislingum í Winnipeg í apríl-
mánuði á ári.

Bólan hefur gert talsvert vart
við sig í London í Ontario; hafa
þar þegar dáið úr henni 11 manns.

Jafnadarstefnu félög í Win-
nipeg, samþykki fyrri þriðjudag
áskorun til Manitoba stjórnmála-
þess efnis að hún útnefni

kvendómara til þess að rannsaka
mál ungra stúlkna. Sama félag
krefti þess að hjónaskilnaðar lög-
in verði þannig lagðar að jafn-
hægt sé fyrir konu að fá skilnað
og fyrir mann.

Telegram segir þá frétt, fyrri
mánuðag að Hamilton bankinn
hafi stefnt Commerce banknum
og krefjist \$150,000 skaðabóta,
fyrir það að hann hafi látið
þyggja af merri sér árið 1915 á
Aðalstetinu.

Rannsókn hefur verið skipuð til
þess að komast að niðurstöðu um
það hvort sannar séu alvarlegar
og margar ákætur um illa með-
ferð á veikum fólki á Selkirk sjúk-
rahúsinu. Er því haldið fram að
þar sé bæði lífill matur og illur;
hinn hafði fundið það út að hann
var kvæntur maður. Tók hann
það til bragðs þegar stúlkinn vildi
ekki verða við tilmalum hans að
hann skar hana á háls með rak-
knif, og sjálfan sig á eftir. Þau
dóu bæði svo að segja samstundis.

S. R. Parsons, forseti verksmið-
jueiganda, flutti réttu í Hamilton,
1. júní, þar sem hann fordæmði
niður fyrir allar hellur þá stefnu
Vestur-Canada að vilja nínka
tolla. Hann kvað verksmiðju-
eigendur verða að taka saman
höndum til þess að halda við toll-
um. "Þegar verið var að kjósa
Crear," sagði hann, "var oss
sagt að ekki yrði hreytt við toll-
málum á meðan stríðið staði yfir,
en nú hvín frjálsvæðunar söng-
urinn í þeim Vestur-Canada búnum
Vér verðum að sýna stjórnmáli,
sýna stjórnmálamönnum, sýna
blöðunum, sýna fólkinu að verk-
smiðjueigendur eiga heimtingu á
tollvernd í sínu eigin landi."

Perey Hagel var tekinn fastur
á fimtugadaginn vestur í Saskatche-
wan fyrir það að drekka áfengi á
veitingastað.

Telegram byggingin brann að
miklu leyti á laugardaginn. Er
skaðinn metin á \$150,000. Byg-
gingin er eign Sir Rodmonds Rob-
lins og sonar hans.

Hræðilegt morð var framið á
föstudaginn í Ottawa. Maður
frá Winnipeg, sem Arthur Rod-
way hét og var prest sonur, var
nýfluttur til Ottawa. Hér í bænum
hafði hann þekt stúlkur er hét
Myrtle Styan, og höfðu þau felt
saman ástir. Stúlkann flutti einn-
ig til Ottawa og voru þau bæði
hjá systur hennar. Rodway vildi
fá hana til þess að giftast sér, en
hún hafði fundið það út að hann
var kvæntur maður. Tók hann
það til bragðs þegar stúlkinn vildi
ekki verða við tilmalum hans að
hann skar hana á háls með rak-
knif, og sjálfan sig á eftir. Þau
dóu bæði svo að segja samstundis.

Eldur mikill kom upp í Mikla-
garði á fimtugadaginn og urðu þar
50,000 Múhammedstrármenn heim-
ilislausir.

Maður sem J. Scullion hét og
tekinn hafði verið naudugur í
stríðið ætlaði að fyrirfara sér í
Minto herþöðunum á föstudaginn
með því að skera sig á háls tvi-
vegis.

Bordenstjórnin gerði þá sam-
þykkt nýlega að banna bæði flut-
ning ávaxta og ýmislegs annars inn
í landið. Þetta mæltist svo illa
fyrir að mótmáli bárust úr öllum
áttum, og varð það til þess að
bannið var tekið af ávöxtum áður
en það gekk í gildi.

Bordenstjórnin hefur leigt
Manitoba College fyrir skóla
handa heimkomnum hermönnum.
Hefir stjórnin samið um leiguna
um langan tíma eftir að stríðið sé
úti.

Meðal annara muna voru \$15,-
000 virði af gimsteinum sent á
Lusitania til Englands þegar
henni var sókt. Gimsteinarnir
voru trygðir fyrir \$13,000 og
borgaði félagið ábyrgðina. Fyrir
nokkrum dögum vildi það til að
írskur sjómaður var að draga upp
net sín og veiddi hann þar gim-
steinapokann með öllu sem í var.

EEKKI AF BAKI DOTTINN

Sir Wilfrid Laurier er staddur
í Toronto í dag. Er hann þar á
ráðstefnu við ýmsa samverka-
menn sína og mun hafa í hyggju
að byrja öflugt starf í þá átt að
færa líf og framkvæmdir í frjáls-
lynda flokkinn um alla Canada.
Tvö þingsæti eru að nú sem
stendur í Ontario; annað í Glen-
garry, hitt í Norður Ontario, og
mun erindi Laurier's meðfram
vera það að vera með í völu þing-
mannanna fyrir frjálslynda
flokkinn, þegar kosningar fara
þar fram.

1,500 bifreiðslýs hafa átt sér
stað í Winnipeg síðastliðið ár
eftir því sem nýjustu skýrslur
sýna.

FULLTRUAR BANDAM. OG STJORN- ARFORMENN NYLENDANNA BÚASI TIL AD TALA UM FRIDARSKILMALA

POCH, YFIRHERSHÖFÐINGI SEGIR AD Breyta verði til í stríðinu þannig að Banda-
menn gjöri ahláup sem óvinirnir geti ekki mætt. A annan hatt sé sigur
ómögulegur. Nú verði að skrída til skara.

SITT AF HVERJU.

(Eftir Eyvind).

Það verða sundurlausir molar
sem ég sendi Voröld undir þessu
nafni. Mér dettur oft ýmislegt í
hug sem ég ált að til umbóta
horfi, og sem þarft væri að vekja
máls á, en sá er galli á að ég er
ekki högu vel rittar til að skrifa
vekjandi ritgjörðir. En Voröld
er blað alþýðunnar, blað bónd-
anna. Eg ált því að alþýðu-
menn eigi að láta þar í ljósi skoð-
anir sínar á sem flestu. Við fin-
num best sjálfir hyar skórun
kreppir, en ef við förum skakt
með, eða skiljum ekki rétt þá
munu þeir leiðrétta sem betur
kunna.

Þessar smágreinir verða flestar
í spurningarformi, og tilgangur
þeirra er sá að hefja umræður á
ýmsu því er orðið gæti mér og öð-
rum til fróðleiks og nytsemdar. Eg
treysti því að ritstjóri Voralðar og
aðrir mæri færari menn taki þar við
sem mig þrýtur, og bendi á nýja,
eða betri vegi þar sem ég sé aðeins
fen og forraði.

Mörg eru manna meining nú um
stundir, og fátt er það sem til
framfara horfir "því endalaust
sigur á ógæfu líð," eins og Þor-
steinn Erlingsson kvað. Stjór-
narfarið má vist ekki minnst á—
það eru nú kölluð landráð—nema
ef maður vildi syngja henni lof
og þakkargjörð fyrir allar hennar
gjörðir. En okkur bandunum
finnst við hafa fullan rétt til að
sjá kosti hennar og lesti, því við
lukum svo á að stjórnmál sé til fyrir
okkur um að hún sé "heilög og
fríðleg," þó á ófriðartímum sé.
Herskyldan er nú fyrst farin að
sýna okkur hvað í vandum er, því
nú er henni beitt takmarkalaust
við bændur og bændasyni; hvert á
móti loforðum og yfirlýsingum
stjórnmanna í vetur, en lát-
nú núgilt, út af fyrir sig, en lát-
um svo vera að það sé naðsyn-
legt, eins og sakir standa. En
það er ekki nóg. Um leið er okkur
skipað að auka framleiðslu í
öllum greinum, og þó er steinum
okkur á götu okkar í þeim efnum,
en okkurt gjört til að létta undir
með okkur. Það er ekki nóg að
tekinn er frá okkur beztí maun-
krafturinn: Verði á vörum okkar
eru takmörk sett á markaðnum, en
auðfölgumun gefið takiferi til
að njóta góðs af. Auðfölgumun
er leyrt að halda inni stórum
byrgðum af naðsynjavörum, til
að bíða eftir herra verði, en fyrir
bændur eru þær ófánlegar, eða
því sem næst. Auðfölgumun er
engin takmörk sett með sölu á
glisvarningi og öðurfustu tegund-
um af munaðarvörum, og þær geta
bændur fengið í tonnatali hvar
sem vera skal, en naðsynjavaran
er skömduð úr hnefa.

Þó tekur síðasta ráðstöfun
stjórnmanna öllu öðru fram. Nú
er bændum skipað að færa kaup-
mönnum aftur allt það hveiti sem
þeir kunna að hafa keypt til heim-
ilisþarfa, og elja við lægra verði en
nú er gangverð, en kaupar aftur
færa daga forða í einu, við herra
verði. Verði þessu ekki hlýtt,
kvað eiga að gjöra hjá mönnum
hústeit og taka hveitið með valdi,
en endurgjalds, en bændur sæti
sektum og fangelsi að auk. Þetta
kemur hart niður á þeim sem búa
færri járnbrautum, og eru því
vanir að kaupa ársforða af hveiti
á vetrum, vegna vegleysu og fjar-
lægðar. Þessu menn verða nú
neyðdir til að fara margar ferðir

til markaðar um mesta anna tím-
ann, og borga þannig margfalt
verð fyrir naðsynjavörum, sem
þeir voru áður búnir að kaupa.
Hvert stefnir þetta? Er það nokk-
ur ávinningur fyrir stríðsþjóðir-
ar? Græðir nokkur á þessu nema
auðfölgum og stjórnmál, sem fær
sektarféð? Hvað ætli komi næst?
Líklega verða teknar af okkur
kynnar, svo við teijum okkur
ekki við að heyja handa þeim.

Væri ekki sennar fyrir stjórnmála
að finna ráð til að létta bændum
framleiðsluna, í stað þess að gjöra
hana sem erfiðasta? Máske eitt
hvað slíkt sé á leiðinni? Þarf ekki
að hlynnu að neinu nema auðfö-
lgumun? Eða, eru það auðfölgum
sem ráða gjörðum stjórnmanna?
Þetta er nú líklega nóg til þess
ég verði kallaður landráðamaður;
en það verður að sitja við það.

"Það er svo margt, ef að er gáð
sem um er þörf að ræða."
Svo kvað Jónas Hallgrímsson
fordum, og dró þá upp ófagra
en hlæilega mynd af ýmsu því sem
mest fór aflaga í þjóðfélaginn is-
lenzka á þeirri tíð. Ekki veit
ég hvort það er áhrifum kvæðisins
að þakka, að margt af því sem
hann leikur þar verst, er nú gjör-
breytt til batnaðar. En enginn
efi er á því, að margur hefir séð
þar ófagra, en sanna, mynd af
sjálfum sér.

Margir fleiri hafa vakið þjóðina
heima bæði í bundnu og óbundnu
máli, en enginn eins skarplega eins
og Gestur Pálsson, í fyrirlæstrin-
um, "Lífid í Reykjavík," og svo
er mér sagt af kunnugum mönnum
að fátt muni hafa snortið
Reykjavíkinga eins gagnlega eins og
hann.

Á líkan hátt þyrfti að vekja
okkur Vestur Íslendinga. Það
þarf að sýna skýra en sanna mynd
af því sem mest fer aflaga hjá
okkur.

Þetta er verkefni fyrir rit-
stjóra Voralðar og aðra rithæra
menn. Þetta heyrir undir þjóð-
ernis spursmálið, sem honum og
öllum göðum Íslendingum er á-
lungamál. Um það er búið að rita
svo margt að ég hefi þar engu við
að bæta, að sinni, enda mundu það
kölluð landráð nú á dögum. Það
er aðeins ein hlíð á því máli sem
mér virðist að ekki hafa verið
nægilega gannur gefinn; það er
afþögn Íslenskra nafna. Það
mun óhætt að fullyrða, að full-
kominn helmingur landa hér hafi
breytt nöfnun sínum, á einhverri
hátt. Sumir hafa lagt niður is-
lenzku nöfnin með öllu, og tekið
ensk nöfn í taðinn; aðrir hafa
reynst að þýða íslensku nöfnin á
ensku, og verða þær þýðingar oft
næsta kynlegar, t. d. James, fyrir
Guðmund, Edward fyrir Eirík,
Nelly fyrir Helga. Barney fyrir
Björn, Anderson fyrir Arnason, og
fl. því líkt. Þá eru enn aðrir og
mun sá flokkurinn fjölmennastur,
sem halda nöfnunum, en rita þau
og bera fram; eins næri enskum
ríthætti eins og hægt er, t. d. John
fyrir Jón, Howard fyrir Hávarð,
Freda fyrir Fríða, og svo frv. Eg
er ekki fær um að rita um þetta
mál eins og ég vildi, til þessker-
tíng kunnáttu á háðum málunum,
málfræðilega þekkingu og margt
fleira. En ég hefi það á tilfinn-
ingunni, að skrárnafn hvers
manns, ætti að vera fríðlegt; ætti
ekki að breytast, og yrði ekki
þýtt á önnur mál nema til að gjöra
úr því skrípli.

Að þessi skoðun mín sé rétt,
bendir það að ég man ekki eftir að
nokkur maður sem mentunar hefir
notið heima á gamla landinu, hafi
breytt nafni sínu hið minsta, þegar
hingað kom. Sama má segja um
marga af hinum skynsamari mönnum
hér í landi. En hvernig
stendur á því að enginn af mennta-
mönnum okkar hefir tekið sér
fyrir hendur að rita um þetta? Er
þetta ekki þjóðernisspursmál út
af fyrir sig? Væri ekki gjörandi
að benda unga fólkinu á það sem
betur mætti fara í þessu efni? Eg
skora nú á ritstjóra Voralðar að
taka þetta mál til umræðu. Hann
er manna bezt til þess far, og ég
tel vist að orð hans í þessa átt
hefðu meiri áhrif en flestra ann-
ara. Þetta er þjóðlöstur frá
þjóðernislegu sjónarmiði, sem þarf
lækningar með. Háðið, nógu
napurt, nógu biturt, er máske
beztá lækningin.

SAFNAD Í BRUNASJÓÐ

Adur auglýst	\$61.00
Hjálmar Arnason, W'peg	\$ 0.50
Jón Jónsson, Winnipeg	50
Mrs. Halli Björnsson, Riv- erton	5.00
Mrs. Lilla Eyjólfsson	1.00
Helgi Stefánsson	1.00
Mr. and Mrs. E. Th. Eyjólf- son	5.00
Miss Guðrún Johnson,	1.00
Winnipeg	1.00
G. Kristjánsson, Winnipeg	1.00
G. Sigurðson, Stoney Hill	1.50
Mrs. G. Sigurðson, Stoney Hill	1.00
Th. G. Sigurðson, Stoney Hill	1.50
Pétur Bjarnason, Mingley	1.00
Th. J. Jónsson, W'peg	2.00
Mrs. Thordis, Gislason, Lundar	50
Jóhannes Helgason, River- ton	1.00
Þórður Bjarnason, og fjöl- skylda, Nes	5.00
Kvenfélag Skjaldborgar- safnaðar	5.00
Bjarni Johnson, Winnipeg	2.00
Markús Jónsson, Balður	5.00
Ónefnd, Winnipeg	1.00
Jóhannes Jónsson, W'peg	50

Samtals \$103.00

TIL MINNIS

Það er oft að fólk man ekki
hvenær ferðir eru á milli Winni-
peg og annara staða eða að hafi
man ekki hvenær regulegir fund-
ir eru í hinum ýmsu félögum hér
í bænum. Voröld ætlar hér eftir
að flytja minnisgjöld um ýmis-
legt þess háttar sem oft getur
komið sér vel að hafa.

Vagnaferðir milli Winnipeg og
Selkirk

Frá Winnipeg (á virkum dög-
um):
kl. 8.00, 9.00 og 10.00 f.h.; kl.
1.30, 3.30, 5.30, 6.30, 7.30 og 11.30
e.h.
(Á sunnudögum) kl. 9.00 og
11.00 f.h.; kl. 2.00, 4.00, 6.00, 8.00
og 10.00 e.h.
Frá Selkirk (á virkum dögum):
kl. 6.50, 8.00 og 9.00 f.h.; 12.30,
2.30, 4.30, 5.30, 6.30 og 10.30 e.h.
Á sunnudögum: kl. 8.00 og 10.00
f.h.; kl. 1.00, 3.00, 5.00 og 7.00 e.h.

FASTIR FUNDIR
Skuld—Míðvikud. kl. 8 e.h.
Hekla—Föstud. kl. 8 e.h.

VERKFALL TIL MÓTMÆLA GEGN STRÍÐI.

Svo segja fréttir að alþýðufólk
í Austurríki hafi lýst því yfir að
það ætli sér að enda stríðið inn-
an skamms. Kveðst það muni
gjöra verkfall um land allt til
mótmæla og muni slíkt hafa þau
áhrif að fríður hljóti að komast á.